

Sú snjalla stjórnar ...

Einn af aðal hugmyndafræðingum bandarískrar heimvaldastefnu og Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum), Henry Kissinger, sagði eitt sinn, að sú, sem stjórnir fæðuöflun, ráði yfir fólkinu; sú, sem orkunni stjórnir, ráði yfir heilu álfunum; og sú, sem fjármagninu stjórnir, ráði yfir veröldinni.

Þetta eru reyndar leiðarstefin í baráttu Alheimsefnahagsráðsins, samtökum auðjöfra, stjórnámálanna og ýmissa heilapveginna handbenda þeirra.

Ráðið vill Nýja heimsskipan, endurbyggja betur, það, sem þeir hafa rústað. Úkraína á að verða fyrirmyndarríkið. Í Úkraínu eins og í Ísrael eru gerðar tilraunir með gervigreind. Hún er t.d. notuð til að beina drápsflaugum rétta leið að almenningi á Gaza.

Úrvalið hefur einnig tekið snjallvæðinguna og þriðju víddar tæknina í sína þjónustu til eftirlits og stýringar. Forustumaður kristilegra jafnaðarmanna á Íslandi, Bjarni Benediktsson, segir þessa byltingu í þágu fólksins.

Byltingin felur m.a. í sér eftirlit í gegnum snjallsíma og söfnun hins opinbera á gögnum, t.d. heilsufarsupplýsingum. Hið opinbera og fyrirtæki ýmis konar vinna saman. Mörgum brá í brún, þegar skólabróðir Katrínar Jakobsdóttur, Justin Trudeau, frysti bankareikninga vörubílstjórnir í veirufaraldrinum.

Veirufaraldurinn var ein leið til að skapa fólki ótta og berja það til hlýðni. Önnur leið er hin grængolandi geggjun um helvítishlýnunina, endurtekið efni óprúttinna presta.

Valdagræðgi og drottnunarsýki heimsyfirvaldsins er skelfileg. Nú þegar liggja fyrir áætlanir um, hvað þú megir borða, hvernig þú skulir klæðast og ferðast – eða öllu heldur kyrrsetjast – á grundvelli útdeilda hlýðnistiga, þ.e. um sæluna í stundarfjórðungsborgunum. Samtímis er unnið markvisst að tölvuuppfærslu mannshugans.

Maria Zee er ómyrk í máli. Hún á m.a. viðtal við ástralska þingmanninn, Malcolm Roberts, um fyrirætlanir Ráðsins. Orkumál eru í brennidepli. Það er sem sé víðar en á

Íslandi, að orka er af skornum skammti. Orkunni er bæði í Ástralíu og í Suður-Afríku stjórnað gegnum snjallmæla. En slíka mæla nota íslensk orkufyrirtæki líka.

Skerðing orkunnar er einmitt – og Henry Kissinger sagði – beitt til að ná tökum á atvinnulífinu. Eitt af markmiðum Ráðsins er að afdnvaða Vesturlönd. Skerðing orku eykur verð hennar. Samtengin milli landa auðveldar inngrip og yfirráð eiginlegra valdhafa, þ.e. auðjöfranna og hagsmunasamtaka þeirra eins og Ráðsins. Hækkun orkuverðs á sér stað um alla norðanverða Evrópu. Það verður t.d. Þýskalandi að falli, eftir að Bandaríkjamenn sprengdu gasleiðslu þeirra og fleiri ríkja í Eystrasalti.

Sólar- og vindorka er víða niðurgreidd af skattgreiðendum og einkum til þess fallin, að auðga eigendur veranna.

María hvetur okkur einarðlega til að taka aftur völdin. Malcom minnir á, að stjórnámálamenn þiggi vald sitt og umboð frá kjósendum. Kjósendur verði að vera þess minnugir að velja hæfa fulltrúa. Hann segir fá á ástralska þinginu vita nokkuð í sinn haus, hvað sé um að vera í veröldinni. Hvernig ætli því sé varið á Alþingi Íslendinga?

<https://zeeemedia.com/interview/maria-zeee-senator-malcolm-roberts-on-infowars-globalists-begin-cutting-aussie-electricity/>